

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 78/2011

2011/EES/54/20

frá 1. júlí 2011

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010 frá 10. nóvember 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/138/EB falla úr gildi, frá 1. nóvember 2012 að telja, tilskipanir ráðsins 64/225/EBE ⁽³⁾, 73/239/EBE ⁽⁴⁾, 73/240/EBE ⁽⁵⁾, 76/580/EBE ⁽⁶⁾, 78/473/EBE ⁽⁷⁾, 84/641/EBE ⁽⁸⁾, 87/344/EBE ⁽⁹⁾, 88/357/EBE ⁽¹⁰⁾ og 92/49/EBE ⁽¹¹⁾ og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB ⁽¹²⁾, 2001/17/EB ⁽¹³⁾, 2002/83/EB ⁽¹⁴⁾ og 2005/68/EB ⁽¹⁵⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum þannig að úrfellingin komi til framkvæmda 1. nóvember 2012.
- 4) Tilskipun 2009/138/EB er endurnýjuð útgáfa nokkurra þeirra gerða sem felldar hafa verið úr gildi og núverandi aðlögunarákvæði vegna þeirra gerða skulu því standa að hluta.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði IX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Fyrirsögnin „i) *Skadatryggingar*“ í I. kafla (Váttryggingar) verði „i) *Skadatryggingar og líftryggingar*“.
2. 1. liður (tilskipun ráðsins 64/225/EBE) verði breytt í lið 1a.
3. Eftirfarandi liður bætist við á undan nýjum lið 1a (tilskipun ráðsins 64/225/EBE):

„1. **32009 L 0138**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (endurútgæfin) (Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 77, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 3.3.2011, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 56, 4.4.1964, bls. 878.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 228, 16.8.1973, bls. 20.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 189, 13.7.1976, bls. 13.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 151, 7.6.1978, bls. 25.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 339, 27.12.1984, bls. 21.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 185, 4.7.1987, bls. 77.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 110, 20.4.2001, bls. 28.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við í 8. gr.:

„5) á Íslandi, Viðlagatrygging Íslands.“

b) Ákvæði 57.–63. gr. um varfærnismat á væntanlegum kaupanda skulu ekki gilda ef aðsetur fyrirhugaðs yfirtökuaðila, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yferráðasvæðis samningsaðila.

c) Orðin „og samkvæmt reglugerð (EB) nr. 593/2008“ í 2. mgr. 157. gr. falli brott.

d) Ákvæði 171. gr. gilda ekki. Eftirfarandi ákvæði skal gilda:

Hverjum samningsaðila er heimilt, með samningum við eitt eða fleiri þriðju lönd, að samþykka að öðrum ákvæðum en þeim sem kveðið er á um í 162.–170. gr. tilskipunarinnar sé beitt, að því tilskildu að váttryggingartökum og hinum tryggðu sé veitt nægileg og sambærileg vernd. Áður en samningsaðilar gera slíka samninga skulu þeir láta hver öðrum í té upplýsingar og hafa samráð sín á milli. Samningsaðilarnir skulu ekki beita ákvæðum gagnvart útibúum váttryggingafélaga, sem eru með aðalskrifstofu utan yferráðasvæðis samningsaðila, er hefðu í för með sér hagstæðari meðferð en þá sem býðst útibúum váttryggingafélaga sem hafa aðalskrifstofu á yferráðasvæði samningsaðila.

e) Þegar Evrópusambandið semur við eitt eða fleiri þriðju lönd á grundvelli 175. gr. skal lagt kapp á að váttryggingafélög (þ.m.t. endurtryggingafélög) í EFTA-ríkjunum fái jafna meðferð.

f) Að því er varðar meðferð þriðja lands á váttryggingafélögum (þ.m.t. endurtryggingafélög), sem lýst er í 177. gr., gildir eftirfarandi:

Með það fyrir augum að ná sem mestri samleitni í beitingu reglna um váttryggingafélög (þ.m.t. endurtryggingafélög) í þriðju löndum skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum, eins og lýst er í 1. mgr. 177. gr., og halda viðræðufundi um málefni, sem um getur í 2. mgr. 177. gr., innan ramma sameiginlegru EES-nefndarinnar og samkvæmt sérstakri málsmeðferð sem samningsaðilar koma sér saman um.

g) Í stað 178. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þessi grein skal gilda um samninga sem um getur í 2. mgr., hvort sem áhættan, sem tryggt er gegn, er á yferráðasvæði samningsaðila eður ei, og um alla aðra váttryggingasamninga sem tryggja gegn áhættu sem er innan yferráðasvæðis samningsaðila. Hún gildir ekki um endurtryggingarsamninga.

2. Þau lög sem aðilar hafa valið skulu gilda um váttryggingarsamning, sem tekur til mikillar áhættu, eins og hún er skilgreind í 27. mgr. 13. gr.

Að svo miklu leyti sem aðilar hafa ekki valið hvaða lögum skuli beita, skulu lög þess lands þar sem váttryggjandi hefur fasta búsetu gilda um váttryggingarsamninginn. Þyki ljóst af öllum málavöxtum að samningurinn tengist öðru landi augljóslega meira skulu lög þess lands gilda.

3. Aðilar skulu velja lögin, sem gilda eiga um samning, í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) Valið verður að koma skýrt fram í samningnum eða ráðast með skýrum hætti af ákvæðum samningsins eða málavöxtum. Aðilar geta ákveðið að lögin, sem vísað er til, skuli gilda um samninginn í heild eða aðeins um tiltekinn hluta hans.

b) Aðilar geta hvenær sem er samið svo um að um samninginn skuli gilda önnur lög en giltu um hann áður. Allar breytingar á lögum sem beita skal, sem verða eftir að samningurinn hefur verið gerður, skulu hvorki hafa áhrif á formlegt gildi hans né hafa skaðleg áhrif á réttindi þriðja aðila.

c) Þegar aðilar hafa valið lög tiltekins lands, en allir aðrir þættir, sem ráða aðstæðum á þeim tíma þegar valið fer fram, tengjast öðru landi, má val aðila ekki koma í veg fyrir að unnt sé að beita ákvæðum í lögum þess lands sem ekki er unnt að víkja frá með samningi.

- d) Þegar aðilar hafa valið lög tiltekins lands en allir aðrir þættir, sem ráða aðstæðum á þeim tíma þegar valið fer fram, tengjast einum eða fleiri samningsaðilum má val aðila á gildandi lögum öðrum en lögum samningsaðila ekki koma í veg fyrir að unnt sé að beita ákvæðum EES-laga eftir atvikum, eins og þau hafa komið til framkvæmdar hjá þeim samningsaðila sem hefur lögsögu, sem ekki er unnt að víkja frá með samningi.
4. Ákvörðun um það hvort samþykki aðila um val á gildandi lögum liggur fyrir og um gildi þess fer samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:
- a) Ákvörðun um það hvort fyrir hendi er samningur eða tiltekna samningsskilmála, og um gildi slíks samnings eða ákvæðis, fer samkvæmt þeim lögum sem myndu gilda um samninginn samkvæmt þessari grein ef samningurinn eða ákvæðið væri gilt.
- Aðili getur eigi að síður byggt á lögum landsins, þar sem hann hefur fasta búsetu, til þess að sýna fram á að hann hafi ekki veitt samþykki sitt ef ætla má af málavöxtum að ekki væri réttmætt að ákvarða áhrifin af háttsemi hans eftir lögnum sem tilgreind eru í 1. undirlið þessa liðar.
- b) Þegar aðilar samnings, eða umboðsmenn þeirra, eru í sama landi þegar hann er gerður er samningurinn formlega gildur ef hann fullnægir formkröfum þeirra laga sem gilda um hann í meginatriðum samkvæmt lögnum í grein þessari eða lögum þess lands þar sem hann er gerður.
- Þegar aðilar samnings, eða umboðsmenn þeirra, eru í mismunandi löndum þegar hann er gerður er samningurinn formlega gildur ef hann fullnægir formlegum kröfum þeirra laga sem gilda um hann í meginatriðum samkvæmt grein þessari, eða laga þess lands þar sem annar aðila, eða umboðsmaður hans, er þegar samningurinn er gerður, eða laga þess lands þar sem annar aðila hafði fasta búsetu á þeim tíma.
- Einhlíða ráðstöfun, sem ætlað er að hafa réttaráhrif í tengslum við gerðan eða fyrirhugaðan samning, er formlega gild ef hún fullnægir formlegum kröfum þeirra laga sem gilda eða myndu gilda um samninginn í meginatriðum samkvæmt þessari grein, eða laga þess lands þar sem ráðstöfunin var gerð, eða laga þess lands þar sem einstaklingurinn, sem stóð að ráðstöfuninni, hafði fasta búsetu á þeim tíma.
- Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. undirgreinar þessa liðar skal samningur, sem fjallar um veð *rétt* í eign eða ábúðarrétt á fasteign, falla undir formlegar kröfur laga þess lands þar sem fasteignina er að finna, ef þau lög kveða á um:
- i) að þessar kröfur séu lagðar á óháð því í hvaða landi samningurinn er gerður og óháð þeim lögum sem um hann gilda og
- ii) að ekki megi víkja frá þessum kröfum með samkomulagi.
- c) Í samningi milli aðila í sama landi getur einstaklingur, sem teldist hafa gerhæfi samkvæmt lögum þess lands, því aðeins borið fyrir sig gerhæfisskort á grundvelli laga annars lands að hinn aðili samningsins hafi, þegar samningurinn var gerður, vitað eða mátt vita um gerhæfisskortinn.
5. Þegar um er að ræða annars konar váttryggingarsamning en þann, sem fellur undir ákvæði 2. mgr., geta aðilar aðeins valið eftirfarandi lög í samræmi við 3. mgr.:
- a) lög samningsaðila þar sem áhættan er fyrir hendi þegar samningurinn er gerður,
- b) lög þess lands þar sem váttryggingartaki hefur fasta búsetu,
- c) þegar um líftryggingu er að ræða, lög þess samningsaðila þar sem váttryggingartakinn er ríkisborgari,
- d) að því er varðar váttryggingarsamninga til tryggingar á áhættu sem takmarkast við atvik hjá öðrum samningsaðila en þeim þar sem áhættan er fyrir hendi, lög þess samningsaðila,
- e) stundi váttryggingartaki samnings, sem fellur undir þessa málsgrein, viðskipta- eða iðnaðarstarfsemi eða tilheyrir menntastétt og váttryggingasamningurinn tekur til tvenns konar áhættu, hið minnsta, sem tengist þessari starfsemi og er fyrir hendi hjá mismunandi samningsaðilum, lög hlutaðeigandi samningsaðila eða lög þess lands þar sem váttryggingartakinn hefur fasta búsetu.

Ef samningsaðili, í þeim tilvikum sem um getur í a-, b- eða e-lið þessarar málsgreinar, veitir aukið frelsi til að velja lög sem gildi um váttryggingarsamning, er aðilum heimilt að færa sér það frelsi í nyt.

Ef aðilar hafa ekki valið, í samræmi við þessa málsgrein, hvaða lögum skuli beita, skulu gilda um slíkan samning lög þess samningsaðila þar sem áhættan er fyrir hendi þegar samningurinn er gerður.

6. Eftirfarandi viðbótarreglur skulu gilda um váttryggingarsamninga sem tryggja gegn hættu sem samningsaðili gerir skylt að tryggja gegn:
 - a) váttryggingarsamningurinn telst ekki uppfylla þá skyldu að kaupa váttryggingu nema hann fullnægi hinum sérstöku ákvæðum um slíka váttryggingu sem mælt er fyrir um af hálfu samningsaðilans sem gerir hana að skyldu. Séu lög þess samningsaðila, þar sem áhættan er fyrir hendi, í mótsögn við lög þess samningsaðila, sem gerir það að skyldu að kaupa váttryggingu, skulu síðarnefndu lög gilda,
 - b) þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. mgr. getur samningsaðili mælt fyrir um að um váttryggingarsamning gildi lög þess samningsaðila sem gerir það að skyldu að keypt sé váttrygging.
 7. Að því er varðar þriðju undirgrein 4. mgr. og 5. mgr. skal litið svo á að taki samningurinn til áhættu, sem er fyrir hendi hjá fleiri en einum samningsaðila, sé hann myndaður af nokkrum samningum sem hver tengist aðeins einum samningsaðila.
 8. Að því er þessa grein varðar skal ákvarða landið, þar sem áhættan er fyrir hendi, í samræmi við 13. mgr. 13. gr., og þegar um líftryggingar er að ræða skal landið, þar sem áhættan er, vera skuldbindingarlandið í skilningi 14. mgr. 13. gr.“
- h) Eftirfarandi bætist við í A-hluta III. viðauka:
- „29) á Íslandi: „Hlutafélag“,
 - 30) í Furstadæminu Liechtenstein: „Aktiengesellschaft“, „Europäische Gesellschaft (SE)“, „Genossenschaft“, „Europäische Genossenschaft (SCE)“,
 - 31) í Konungsríkinu Noregi: „Aksjeselskaper“, „Gjensidige selskaper“.“
- i) Eftirfarandi bætist við í B-hluta III. viðauka:
- „29) á Íslandi: „Hlutafélag“,
 - 30) í Furstadæminu Liechtenstein: „Aktiengesellschaft“, „Europäische Gesellschaft (SE)“, „Genossenschaft“, „Europäische Genossenschaft (SCE)“,
 - 31) í Konungsríkinu Noregi: „Aksjeselskaper“, „Gjensidige selskaper“.“
- j) Eftirfarandi bætist við í C-hluta III. viðauka:
- „29) á Íslandi: „Hlutafélög“,
 - 30) í Furstadæminu Liechtenstein: „Aktiengesellschaft“, „Europäische Gesellschaft (SE)“, „Genossenschaft“, „Europäische Genossenschaft (SCE)“,
 - 31) í Konungsríkinu Noregi: „Aksjeselskaper“, „Gjensidige selskaper“.“
4. Eftirfarandi bætist við í lið 31d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB):
- „, eins og henni var breytt með:
- **32009 L 0138:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).“
5. Textinn í lið 1a (tilskipun ráðsins 64/225/EBE), 2. lið (fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 73/240/EBE), 4. lið (tilskipun ráðsins 78/473/EBE), 5. lið (tilskipun ráðsins 84/641/EBE), 6. lið (tilskipun ráðsins 87/344/EBE), 7. lið (önnur tilskipun ráðsins 88/357/EBE), lið 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE), lið 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB), lið 12c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB) og lið 13a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB) falli brott frá og með 1. nóvember 2012.

6. Texti 11. liðar og fyrirsögn, sem honum tengist (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB), falli brott frá og með 1. nóvember 2012.
7. Fyrirsagnirnar „iv) *Eftirlit og reikningar*“ og „v) *Önnur málefni*“ í I. kafla (Vátryggingar) verði endurtölusettar sem fyrirsagnir „iii) *Eftirlit og reikningar*“ og „iv) *Önnur málefni*“ frá og með 1. nóvember 2012.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/138/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Einhliða yfirlýsing frá Liechtenstein**vegna ákvörðunar nr. 78/2011 um að fella tilskipun 2009/138/EB inn í samninginn**

„Furstadæmið Liechtenstein gerði árið 1996 tvíhliða samning um beinar váttryggingar við Sviss. Samningurinn byggist á gagnkvæmni og er markmiðið með honum að kveða á um þau skilyrði sem eru nauðsynleg og fullnægjandi til að gera váttryggingafélögum, sem eru með höfuðstöðvar sínar á yfirráðasvæði sammingsaðila, kleift að nýta sér staðfesturétt og þjónustufrelsi að því er varðar beinar váttryggingar á yfirráðasvæði hins sammingsaðilans.“